

# Aðalfundur FÁSES 2016

Miðvikudaginn 26. október 2016  
Ölver, Álfheimum 74, Reykjavík  
Fundur settur kl. 20:10

**Mættir:** Berglind Guðrún Beinteinsdóttir, Guðmundur Már Ingimarsson, Reynir Þór Eggertsson, Kristján Jóhannes Pétursson, Málfríður Harðardóttir, Anna Sigríður Hafliðadóttir, Gísli Ólason Kærnested, Ísak Pálmason, Eva Dögg Benediksdóttir, Sunna Mímisdóttir, Sólrún Ásta Steinsdóttir, Arndís Björnsdóttir, Steinunn Björk Bragadóttir, Laufey Helga Guðmundsdóttir, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, Flosi Jón Ófeigsson, Auður Geirsdóttir, Eyrún Ellý Valsdóttir og Elizabeth Holt.

## 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Eyrún Ellý Valsdóttir kosinn fundarstjóri og Laufey Helga Guðmundsdóttir kosinn fundarritari.

## 2. Reikningar félagsins kynntir, teknir til umræðu og kosninga.

Auður gjaldkeri kynnt rekstraryfirlit 2016. Tap félagsins í ár er upp á 177.635 kr. en eigið fé er 155.564 kr. OGAE International gleymdi að rukka fyrir félagsgjöld á síðasta ári svo nú var tvöfaldur reikningur frá þeim. Félagsgjöld eru svipuð ár eftir ár, aðeins minni ásókn í félagið nú en í fyrra sem skýrist væntanlega af því að keppnin er haldin í Úkraínu næsta vor. Reikningar félagsins samþykktir með lófaklappi.

## 3. Hækkun félagsgjalda.

Á fundinum verður lögð fram tillaga um hækkun félagsgjalda um 500 kr., úr 2.000 kr. í 2.500 kr. (sem verður þá fyrst innheimt í október 2017 fyrir félagsárið 2018). Gjaldið hefur verið óbreytt frá stofnun félagsins fyrir fimm árum síðan. Verðlag hefur almennt hækkað og virkum félagsmönnum í FÁSES fer fækkandi. Með vísan til þessa og vegna þess að stjórn FÁSES vill gjarnan halda áfram að halda öfluga viðburði fyrir félagsmenn og viðhalda góðu þjónustustigi, er lögð til 500 kr. hækkun á félagsgjöldum FÁSES.

Kristján J. Pétursson telur að ekki sé nægilegt að hækka gjaldið um 500 kr. og leggur til að félagsgjaldið verði 3.000 kr.

Þessu tengt þá bendir Sunna Mímisdóttir á að það séu margir sem enn viti ekki af klúbbum og það væri gaman að geta auglýst FÁSES betur. Stjórn segir að lagt hafi verið mikið upp úr því að fara í útvarpsviðtöl sem og aðra fjölmiðla og „bústa“ stöðufærslur á Facebook. Rætt um að mikilvægt væri að félagsmenn fjalli um FÁSES í sínu nánasta umhverfi.

Rætt um að 50% hækkun á félagsgjaldi á einu ári sé mikið, sérstaklega í ljósi þess að sjóður félagsins er ekki í mínus. Reyni Þór Eggertssyni finnst skynsamlegt að hækka um 500 kr. á ári næstu fjögur árin. Félagið á að reka sig á hverju ári en ekki safna miklum sjóði.

Tillaga Kristján um að félagsgjaldið verði 3.000 kr. tekin til kosninga. Tillagan felld. Tillaga stjórnar um að félagsgjaldið verði 2.500 kr. tekin til kosninga. Tillagan samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

## 4. Skýrsla stjórnar kynnt og tekin til umræðu.

Eyrún kynnti skýrslu stjórnar sem send hafði verið fundarmönnum fyrir fundinn. Eyrún fór yfir helstu viðburði og verkefni FÁSES 2015-2016. Rætt var um að virkja enn frekar félagsmenn FÁSES utan höfuðborgarsvæðisins. Anna Sigríður Hafliðadóttir þakkaði æðislega vel fyrir vel unnin störf.

## 5. Lagabreytingar.

Fyrir fundinum lágu engar lagabreytingar.

## 6. Kosning til stjórnar.

Í ár á að kjósa gjaldkera, alþjóðafulltrúa og kynningar- og viðburðarstjóri til tveggja ára og tvo varamenn í stjórn FÁSES til eins árs.

Auður Geirsdóttir segir að í FÁSES eigi engar stöður og að hún sé tilbúin að láta af starfinu bjóði einhver sig fram. Enginn býður sig fram sem gjaldkeri fyrir utan Auði. Auður kosinn gjaldkeri FÁSES næstu tvö ár.

Flosi útskýrir hlutverk sitt sem alþjóðafulltrúi en hann er tengiliður FÁSES við aðra klúbba og mætir t.d. á fund OGAE forseta þegar formaður FÁSES kemst ekki. Flosi hefur einnig lagt mikið upp úr því að mynda tengsl við þátttakendur Söngvakeppninnar. Alþjóðafulltrúi verður helst að fara út á keppnina til að geta gegnt stöðunni. Enginn býður sig fram með alþjóðafulltrúi. Flosi kosinn alþjóðafulltrúi FÁSES næstu tvö ár.

Laufey útskýrir hlutverk kynningar- og viðburðarstjóra. Sunna Mímisdóttir og Laufey Helga Guðmundsdóttir bjóða sig fram í stöðuna. Sunna kynnir sig. Leynileg kosning fer fram. Anna Sigríður og Kristján eru talningarmenn. Á kjörskrá eru 19 félagsmenn. Sunna fékk 11 atkvæði og Laufey 8 fékk atkvæði. Sunna Mímisdóttir er rétt kjörinn kynningar- og viðburðarstjóri FÁSES.

Í framboði til 1. varamanns stjórnar er Steinunn Björk Bragadóttir. Hún er sjálfkjörin.

Í framboði til 2. varamanns stjórnar er Haukur Johnsson og Eva Dögg Benediktsdóttir. Eva kynnir sig. Hildur Tryggvadóttir Flóvenz tekur að sér að kynna Hauk. Anna Sigríður og Kristján eru talningarmenn. Á kjörskrá eru 19 félagsmenn. Eva fékk 9 atkvæði og Haukur fékk 9 atkvæði. Einn seðill var auður. Atkvæði féllu því jöfn. Ekkert er í samþykktum FÁSES um hvað gerist ef atkvæði falla jöfn. Kosið aftur. Haukur fékk 8 atkvæði og Eva 10 fékk atkvæði. Einn seðill var auður. Eva Dögg Benediktsdóttir kosinn 2. varamaður stjórnar.

Hauki og Laufeyju boðið að vera í verkefnanefnd FÁSES. Gísli Ólason Kærnested lýsir sig einnig reiðubúinn til að vera með í verkefnanefnd. Anna Sigríður hvetur stjórn félagsins til að kalla eftir aðstoð við verkefni og viðburði ef með þarf.

## **7. Kosning félagslegra skoðunarmanna.**

Kjósa þarf félagslega skoðunarmanna til eins árs. Arndís Björnsdóttir og Ísak Pálmason bjóða sig fram og eru rétt kjörin.

## **8. Önnur mál.**

Dagsetning úrslitakvölds Söngvakeppninnar rekst á við úrslit Melodifestivalen í Svíþjóð. Þetta gæti haft þau áhrif að færri erlendir gestir sækja Söngvakeppnina 2017. Lagt til að stjórn FÁSES sendi hvatningu til RÚV um að úrslitakvöld Söngvakeppninnar 2018 rekist ekki aftur á við úrslitakvöld Melodifestivalen. Þetta samþykkt og mun stjórn FÁSES senda þessa ábendingu til RÚV.

Einnig var bent á að gaman væri að skipuleggja FÁSES viðburð eftir Söngvakeppnina, t.d. í Græna herberginu, ásamt því að skipuleggja fyrir-party.

Fundi slitið kl. 21:33.

Eftir fundinn var OGAE Video Contest kynnt og Eurovision bingó spilað.